Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2018
Tilvísun: 201803-0020

**Efni: Umsögn Mannvirkjastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur, 167. mál**

Mannvirkjastofnun gerir ekki athugasemd við að tekjur af byggingaröryggisgjaldi renni í ríkissjóð.

Mannvirkjastofnun vekur þó athygli á því að hingað til hafi stofnunin innheimt gjaldið og því verði að vera skýrt hver taki við því hlutverki.

Þá bendir Mannvirkjastofnun á mikilvægi þess að sá sem innheimtir gjaldið hafi heimild í lögum til að fá upplýsingar hjá vátryggingartökum um hvar eign sé vátryggð. Komið hefur fyrir að vátryggjendur sem tryggja eignir erlendis hafi neitað að upplýsa Mannvirkjastofnun um það hvaða vátryggingafélag tryggi eignina, og þar með hefur stofnuin ekki getað innheimt byggingaröryggisgjald af viðkomandi eign.

Virðingarfyllst
f.h. Mannvirkjastofnunar

Björn Karlsson

Mannvirkjastofnun Skúlagötu 21 • 101 Reykjavík • Sími: 591 6000 • Fax: 591 6001 • mvs@mvs.is • www.mvs.is